

## 2. gr.

75

23. júní

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. A. er veitt:  
 Aðgerð á lögreglustöðinni, Pósthússtræti 3 ..... kr. 38500.00

## 3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. B. er veitt:  
 Áhöld vegna rannsóknarstofu háskólans ..... — 3934.75

## 4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:  
 Eftirstöðvar af kjötverðlagsuppbót ..... — 2408.00

## 5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:  
 Til tryggingamálanefndar ..... — 9003.20  
 Samtals kr. 53845.95

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

76

23. júní

## um löggilding verzlunarstaða.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
 Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
 Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau  
 með samþykki Voru:

## 1. gr.

Við Núpsbót í Dýrafirði og í Selárdal í Arnarfirði skulu vera löggiltir  
 verzlunarstaðir.

76

23. júní

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðanna, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*

77

23. júní

## L Ö G

um viðauka við og breyting á lögum nr. 43 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að gefa eftir skuld þá, er stofnað hefir verið til vegna áveitu á Skeiðin, að öðru en því, er í lögum þessum segir, og með þeim skilmálum, er þar greinir.

Ennfremur er stjórninni heimilt að taka að sér greiðslu á áveituskuldum jarðanna Skálmholts, Skálmholtshrauns og Þjótanda, og fer um endurgreiðslu þeirra skulda til rikissjóðs eftir ákvæðum þessara laga um greiðslu á áveituskuldum annara jarða áveitusvæðisins.

2. gr.

Hver jarðeigandi á áveitusvæðinu, sem njóta vill ívilnunar laga þessara, skal greiða áveituskatt, er nemi 1 kr. á hektara áveitulands hans í 30 ár. Áveituskattur þessi skal tryggður með lögveði í jörðinni og hafa forgangsrétt fyrir öllum sammingsbundnum veðskuldum, enda skal kvöðin innfærð í veðmálabækur sýslunnar.

3. gr.

Í stað þess að greiða áveituskatt samkv. 2. gr. skal landeiganda heimilt að láta land af hendi upp í áveitukostnað í eitt skipti fyrir öll.